

AUGLÝSING

um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Byggðasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga í Skóum.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 26. nóvember 2013 stofnskrá Byggðasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga í Skóum.
Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Reykjavík, 20. ágúst 2015.

F. h. safnaráðs,
Ágústa Kristófersdóttir framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.

STOFNSKRÁ Byggðasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga í Skóum.

1. gr.

Safnið heitir Byggðasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga, í daglegu tali nefnt „Skógasafn“. Skógasafn skiptist í tvær deildir: Byggðasafnið í Skóum og Samgöngusafnið í Skóum. Lögheimili: Skógar, Rangárþingi eystra. Safnið var stofnað 1. desember 1949.

2. gr.

Safnið starfar samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 og hlítir siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (The International Council of Museums).

3. gr.

Aðsetur safnsins er á afmarkaðri lóð úr landi Ytri-Skóga, Rangárþingi eystra. Landið er í eigu sveitarfélaga í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Á safnlóðinni eru eftirtalin mannvirkir:

Aðalbygging, sem eru samtengd safnahús. Það eldra byggt 1954-55 um 270 m² að grunnfleti á 2 hæðum, hið yngra frá 1995 um 785 m² á 3 hæðum.

Húsaborp, er saman stendur af 9 endurbyggðum bæjarhúsum frá fyrri tímum, af torfi og grjóti.

Sjálfstæð endurbyggð hús:

Sýslumannshúsið frá Holti á Síðu

Bæjarhús frá Skál á Síðu

Barnaskóli frá Litla-Hvammi í Mýrdal

Skógakirkja, vígð 1998.

Stálgrindarhús, geymsluhús 116 m², reist 1974.

Vatnsaflsstöð, heimarafstöð frá Breiðabólsstað.

Samgöngusafnið, 1510 m² límtréshús byggt 2001-2002, sýningarhús, verslun og veitingastaður.

Vígð 20. júlí 2002.

Safngeymsla og verkstæði, byggð 2009-2012, 1.380 m² að grunnfleti, 380 m² milliloft.

4. gr.

Safnið er í eigu sveitarfélaga í Rangárvallasýslu að $\frac{3}{4}$ hlutum og sveitarfélaga í Vestur-Skaftafellssýslu að $\frac{1}{4}$ hlutum. Héraðsnefndir Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga fara með eignarráð bess í umboði sveitarfélaganna.

5. gr.

Hlutverk safnsins er hvers konar varðveisla og söfnun menningarminja. Þar skal skrásetja, varðveita, forverja, rannsaka og kynna menningarsögulegar minjar úr Rangárvallasýslu og Vestur-

Skaftafellssýslu. Safnið skal eftir megni varpa ljósi á líf og starf íbúa greindra sýslufélaga, en þau eru hið eiginlega safnasvæði.

Það er og í verkahring safnsins að kynna íslenskan menningararf, eftir því sem föng eru á. Í því skyni, getur stjórn safnsins sett upp sérþýningu bæði á eigin vegum, svo og aðfengnar.

Jafnframt er heimilt að sýna gripi safnsins annars staðar um skamman tíma, jafnt sem hluta af heild eða einstaka gripi.

6. gr.

Starfsemi safnsins felur m.a. í sér eftirfarandi:

Yfirstjórn (forstöðumaður, safnstjórn).

Söfnun, móttöku og frumskráningu muna í aðfangabækur.

Tölvuskráningu safnmuna í gagnagrunninn Sarp.

Varðveislu, forvörslu og viðgerðir.

Miðlun, hönnun og uppsetningu sýninga.

Móttöku og leiðsögn gesta.

Heimildaöflun, rannsóknir á safnmunum og sögu þeirra.

Gerð kynningarrefnis (bæklingar – heimasíða - margmiðlun).

Viðhald safnhúsa og húsaþorps safnsins.

Endurbyggingu og viðhald menningarsögulegra húsa/minja á safnsvæðinu (dæmi: Hnausar, Mörtunga, Hörgsland).

Fjármögnun rekstrar og nýframkvæmda.

Rekstur safnverslunar og veitingastofu.

Safnið er opíð almenningi, ferðahópum og skólahópum allt árið.

Safnið starfar eftir starfsáætlun til 4 ára í senn.

Safnið hefur söfnunarstefnu.

7. gr.

Safnið er rekið sem sjálfstæð stofnun með eigin fjárhag sem skal standa undir rekstri þess. Safnið er fjárhagslega og faglega sjálfstæð stofnun undir stjórn forstöðumanns. Arður af starfsemi safnsins skal ganga til uppbryggings safnsins. Eigendur safnsins bera ábyrgð á rekstri þess og fjármagna byggingaframkvæmdir og viðhald að því leyti sem eigin tekjur safnsins hrökkva ekki til.

8. gr.

Safnstjórn er skipuð 5 mönum og jafnmögum til vara og fara þeir með stjórn safnsins. Héraðsnefndir kjósa stjórnarmenn: Rangæingar kjósa 3 menn og 3 til vara. V-Skaftfellingar kjósa 2 menn og 2 til vara. Kjörtímabilið er fjögur ár og fer kosning fram að loknum sveitarstjórnar-kosningum. Safnstjórn kemur saman svo oft sem þörf krefur, þó eigi sjaldnar en tvívar á ári. Vor-fundur skal vera aðalfundur. Nefndinni ber að halda gjörðabók. Safnstjórn ræður forstöðumann/safnstjóra í samráði við héraðsnefndir. Safnstjórn ber ábyrgð á rekstri safnsins ásamt forstöðumanni.

Hlutverk safnstjórnar er að tryggja:

Viðundandi starfsaðstöðu,

að safnið starfi að lögum,

fjármögnun,

stefnumótun,

sjálfstædi safnsins,

að forstöðumaður/safnstjóri uppfylli skyldur sínar og standi undir ábyrgð.

Stjórnin skal fylgja siðareglun ICOM.

Stjórnin, ásamt forstöðumanni, sér um að ársreikningar séu gerðir og gerir tillögur að fjárhags-áætlun til héraðsnefndanna.

9. gr.

Forstöðumaður starfar í umboði stjórnar og ber ábyrgð á rekstri safnsins gagnvart stjórn þess. Hann hefur sjálfstæði til þess að taka ákvarðanir fyrir safnið hvað varðar fjárhag, starfsmannamál,

Nr. 806

20. ágúst 2015

söfnun minja, lán á minjum og vinnur í nánum tengslum við stjórn safnsins að stefnumótun. Forstöðumaður hefur aðgengi að eigendum safnsins. Hann skal fylgja siðareglum ICOM. Forstöðumaður skal gegna 100% stöðu við safnið.

10. gr.

Verði safnið lagt niður skal safnmunum þess ráðstafað af eigendum í samráði við Þjóðminjasafn Íslands/höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu í landinu. Öðrum eignum safnsins skal ráðstafað í samráði við ráðuneyti mennta- og menningarmála.

B-deild – Útgáfud.: 11. september 2015